

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1640  
komudagur 26.4.2005

Samgöngunefnd Alþingis  
26.4.2005

Hér með fylgir umsögn Þórshafnarhrepps um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005 – 2008:

*“Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps lýsir yfir vonbrigðum sínum með þær seinkanir fjárveitinga til vegaframkvæmda við Norðausturveg er fram koma í tillögu um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005 - 2008. Þrátt fyrir þær tafir á framkvæmdum er þetta hugsanlega kann að hafa í för með sér leggur hreppsnefnd Þórshafnarhrepps áherslu á að vegaframkvæmd um Hólaheiði verði boðin út þegar í haust og að samþykktar fjárveitingar vegna ársins 2005 verði nýttar á þessu ári til að hefja verkið.*

*Jafnframt ítrekar hreppsnefnd Þórshafnarhrepps mikilvægi þess að veitt verði fé til lagfæringar ferðamannaleiðar á utanverðu Langanesi, nánar til tekið úr Skoruvík út á Font. Óskað hefur verið eftir 12 millj. kr. til að lagfæra megi þá leið þannig að hún verði greiðsær smærri jeppum.”*

Með bestu kveðjum  
Björn Ingimarsson  
sveitarstjóri  
Þórshafnarhreppi